



151 Fjölskyldutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

2. ÁBYRGÐARTRYGGING

21 Hvar gildir váttryggingin?

21.1 Váttryggingin gildir á Íslandi svo og á ferðalagi innan Evrópu í allt að 3 mánuði, talið frá brottfarardegi.

22 Hvenær eru menn skaðabótaskyldir?

22.1 Samkvæmt íslenskum lögum bera menn bótaábyrgð á tjóni, sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarregla, og er hún grundvallarregla í íslenskum lögum eða réttarvenju. Ef sá, sem sóttur er til greiðslu bóta, á ekki sök á tjóninu, ber hann yfirleitt ekki bótaábyrgð.

22.2 Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir váttryggðan, ef hann hefur bakað sér bótaábyrgð (að því leyti, sem tjónpóli á ekki að bera það sjálfur vegna meðsakara eða meðábyrgðar) og einnig að greiða kostnað, sem váttryggður verður fyrir, ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

22.3 Þar sem skaðabótaábyrgð að lögum er oft flókið álítaefni, ber váttryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína, sé hann krafinn bóta vegna tjóns, sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er honum bent á að lesa eftirfarandi ábyrgðartryggingarskilmála með þetta í huga.

22.4 Viðurkenning váttryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann en ekki félagið. Váttryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að þurfa sjálfur að greiða bætur vegna tjóns, sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

23 Váttryggingarfjárhæð – Eigin áhætta váttryggðs

23.1 Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks og samanlagt á váttryggingarárinu er sú fjárhæð, sem tilgreind er á váttryggingarskilti eða iðgjaldskvittun.

23.2 Auk bóta til tjónpóla greiðir félagið kostnað við málsvörn, enda þótt þetta samanlagt nemi hærri fjárhæð en váttryggingarfjárhæðinni. Utan Norðurlanda takmarkast þó bótaskyldan við váttryggingarfjárhæðina.

23.3 Í hverju tjóni ber váttryggður 10% eigin áhættu, en með hámarki og lágmarki, sem fram kemur á váttryggingarskilti eða iðgjaldskvittun.

24 Hvað bætir váttryggingin?

24.1 Skaðabótaskylda að lögum. Félagið váttryggir gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á váttryggðan sem einstakling (þ.e. utan

atvinnurekstrar) samkvæmt íslenskum lögum, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar meðtaldar fasteignir og dýr) og ekki viðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

24.2 Váttryggingin bætir þó ekki skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan vegna atvinnu váttryggðs, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða vinnu í þjónustu hjá öðrum.

24.3 Bætur umfram lagaskyldu.

Valdi barn váttryggingartaka tjóni, sem ekki er bótaskyldt að lögum, bætir félagið tjónið sé barnið yngra en 10 ára.

Ef sá sem tjón biður er meðvaldur eða meðábyrgur, skerðist bótaréttur í samræmi við það.

Váttryggingarvernd skv. 24.3 gildir ekki, þegar barnið er aðili að umferðartjóni og tjón verður á skráningarskyldu ökutæki í notkun.

25 Undanskildar áhættur

Ábyrgðartryggingin bætir ekki tjón:

- 25.1 sem hinir váttryggðu valda hverjir öðrum;
- 25.2 á munum, sem váttryggður hefur að láni, til leigu, geymslu eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal munum, sem váttryggður hefur með höndum heimildarlaust;
- 25.3 sem váttryggður veldur sem eigandi eða notandi vélknúins ökutækis, skips, báts, loftfars, skotvopns eða dýrs;
- 25.4 sem stafar af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reykt, sóti eða sprengingu;
- 25.5 vegna sekta, málskostnaðar eða annarra útgjalda í sambandi við refsímál;
- 25.6 sem fellur á váttryggðan sem eiganda húseignar eða húseignarhluta, nema Fasteignatrygging sé í gildi sem viðbót við Fjölskyldutryggingu; Sé svo nær váttryggingin jafnframt til ábyrgðar váttryggðs vegna tjóns, sem verður í tengslum við minni háttar viðhald eignarinnar; Fari áætlaður kostnaður við verklegar framkvæmdir vegna viðhalds eignarinnar fram úr 5% brunabótamats hennar, eða ef vinnupallar eru notaðir við framkvæmdirnar, ber að tilkynna félaginu um það, enda nær ábyrgðartryggingin ekki óbreytt til framkvæmda þessara;
- 25.7 vegna endurkröfu frá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum opinberum tryggingastofnunum;
- 25.8 sem verður sökum mengunar lofta, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. Félagið bætir þó þess háttar tjón, ef það verður rakið til eins ákveðins atburðar.
- 25.9 Félagið bætir ekki tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka.